












Trölladeild

Námskrá mars 2024

Með því að vera
þakklát sýnum við
öðrum virðingu



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
					1. Söngsalur 	2.
3.	4.	5. Hópa vinna Leikfangadagur Helgi Arnar 2 ára 	6. Hópa vinna	7. Hópa vinna	8. Söngsalur 	9.
10.	11.	12. Hópa vinna	13. Hópa vinna	14. Hópa vinna	15. Starfsmannafundur 12-16 Skólinn lokar kl. 12	16.
17.	18. Páskaverkstæði Elísabet Lea 2 ára 	19. Páskaverkstæði 	20. Páskaverkstæði	21. Páskaverkstæði 	22. Söngsalur Mottudagur 	23.
24.	25. Skráningardagur	26. Skráningardagur	27. Skráningardagur	28. Skírdagur skólinn lokaður 	29. Föstudagurinn Langi skólinn lokaður	30/31 

**Virðing er áunnin
en kemur ekki af
sjálfu sér**



Trölladeild

**Sumarlokun
Hulduheima er frá
8. júlí – 6. ágúst**



Lífsleikni í leikskóla

Í þessum mánuði ljúkum við vinnu okkar með dygðina **Samkennd** og við tekur dygðin **Virðing**. Það má með sanni segja að þessar tvær dygðir eigi margt sameiginlegt. **Virðing** endurspeglast í þeirri kurteisi sem við sýnum hvert öðru. Það skiptir máli hvernig við tölum við annað fólk og hvernig við tölum um það. **Virðing** felur í sér að virða reglur hvar sem þær gilda. **Við eigum öll skilið að njóta virðingar.**



Lífsleikni

Uppbrotisdagar

5. Leikfangadagur. Þá mega börnin koma með eitt leikfang að heiman. Athugið að við frábiðjum okkur hávaða- og stríðsleikföng. Mikilvægt að merkja vel.
22. Mottudagurinn. Þann dag mega börnin gjarnan koma í skræpóttum sokkum og með mottu á efri vörinni. Við gerum okkur svo glaðan dag saman.

Punktur um málþroskann

- Leiktu með tungumálið í samræðu við barnið þitt. Það kveikir forvitni barnsins og áhuga á málinu.
- Leiktu með hljóð, orð, rím og kvæði
- Leiktu með barninu að bókstöfum og tölustöfum, til dæmis með seglastöfum á ísskápnum og stafakubbum
- Leikur með bókstafi og ritun leggur grunn að ritmálinu og veitir barninu innsýn í hvernig það getur tjáð sig í töluðu máli
- Barnið hermir eftir þér þegar þú skrifar, t.d. með því að draga upp hringi og krúsíðullur, tákn eða bókstafi



Nokkrar ábendingar til foreldra vegna óskýrs framburðar hjá börnum

1. Talaðu alltaf hægt og skýrt við barnið
2. Hlustaðu á það sem barnið er að segja og endurtaktu rétt þannig að það heyri alltaf strax réttan framburð.
3. Ekki leiðréttu framburð barnsins í annarra návist eða stoppa það í miðri setningu til að leiðréttu barnið.
4. Líttu í spegil með barninu. Leikið saman með andlitslátbragð og talið um augun, nefið, munninn, tunguna. Prófið saman einfalda munn- og tunguleiki eins og að gera stút á munninn, smella í góm o.fl. í þeim dúr
5. Leiktu með barninu ýmis hljóð úr umhverfinu. Hermið eftir dýrahljóðum, farartækjum, heimilistækjum o.fl.
6. Hrósðu barninu, láttu það heyra að það sé duglegt

Ef áhyggjur vakna um að barnið heyri ekki vel er mikilvægt að skoða það betur!

Útifatnaður

Nú er veðrið margbreytilegt og því mikilvægt að vera við öllu búin. Börnin þurfa að hafa bæði pollafatnað sem og snjófatnað til taks. Hér er farið út tvisvar á dag og því þurfa börnin einnig að hafa til taks í fatahólfi tvenn pör af vettlingum. Það er fátt verra en að fara út í köldum og blautum vettlingum.

SMT skólafærni

Regluinnlögn með árgangi 2021 er lokið, börnin voru til fyrirmyndar að tileinka sér þær og nú eru þau dugleg að safna brosum á SMT-flugdrekann.

